



Reykjavík 25.11.2016

Velferðarráðuneytið,
b.t. Guðrún W. Jensdóttir, lögfræðingur,
Hafnarhúsinu v. Tryggvagötu,
101 Reykjavík.

Landlæknisembættið,
Barónsstíg 47,
101 Reykjavík.

Efni: Erindi frá Mats- og hæfisnefnd sbr. 15.gr. reglugerðar nr. 467/2015 um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi. Varðar **marklýsingu fyrir sérfræðinám í almennum lyflækningum** á Landspítala háskólasjúkrahúsi, Reykjavík.

Í september s.l. skiluðu fulltrúar lyflækninga á Landspítala háskólasjúkrahúsi, Reykjavík, marklýsingu um nám í almennri lyflækisfræði/almennum lyflækningum, samtals í allt að 3 ár, til mats- og hæfisnefndar. Námið er sett upp í samvinnu við Royal College of Physicians (RCP) í Bretlandi og hefur verið metið og viðurkennt af þeim samtökum skv. bréfi frá Joint Royal Colleges Training Board dags. 22. Júlí 2016. Þar er byggt á ítarlegri skýrslu um matsheimsókn RCP á Landspítalann þann 6.-9. Júní 2016.

Mats- og hæfisnefndin hefur rætt við forsvarsmenn og kennslustjóra námsins og fengið umsagnir formanns sérgreinafélags lyflækna, framkvæmdastjóra lækninga á Landspítalanum, forstöðumanns fræðasviðsins lyflækisfræði við læknadeild Háskóla Íslands og umsögn embættis landlæknis, með tilvísan 3. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 467/2015. Þá hefur nefndin fylgst með matsferli RCP og rætt námsferlið og aðstæður á lyflækningasviði Landspítalans, m.a. með hliðsjón af mati RCP.

Með tilvísan í 7., 8. og 15. gr. reglugerðar nr. 467/2015 um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði þess að hljóta almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi, svo og starfsreglna nefndarinnar sem staðfestar voru af heilbrigðisráðherra 28. Júní 2016, vill mats- og hæfisnefnd skv. 15. gr. reglugerðarinnar tilkynna að á fundi nefndarinnar þann 25.11. 2016 var ákveðið að staðfesta með

formlegum hætti allt að þriggja ára sérnám í almennri lyflæknisfræði/lyflækningum sem gæti farið fram á lyflækningasviði Landspítala háskólasjúkrahúss í samræmi við framlagða marklýsingu.


Marklýsingin tekur mið af viðurkenndum alþjóðlegum stöðlum og til þeirra atriða sem talin eru í 15. gr. reglugerðarinnar. Þar sem marklýsingin er frá RCP, þá er hún á ensku máli en með inngangi á íslensku. Mælt er til að aukið verði við þá hluta sem eru á íslensku eftir því sem við á, en jafnframt viðurkennt að ávinningur sé af notkun hins alþjóðlega máls sem læknisfræðin styðst við.

Sérnám á stofnuninni er samkvæmt 8. gr. reglugerðarinnar á ábyrgð framkvæmdastjóra lækninga á Landspítala. Marklýsingin tekur ekki til náms í undirsérgreinum lyflækninga. Rafrænt eintak marklýsingarinnar fylgir hér með.

Endurmat marklýsingarinnar skal skv. reglugerð 467/2015 fara fram eigi síðar en að fjórum árum liðnum, þ.e.a.s. í nóvember 2020.

Yfirlit yfir viðurkenndar heilbrigðisstofnanir og marklýsingar skal, með tilvísan í reglugerðina, birta á heimasíðu Embættis Landlæknis.

Virðingarfyllst, f.h. mats- og hæfisnefndarinnar,



Reynir T. Geirsson, próf. em.,

Formaður mats- og hæfisnefndar skv. Reglugerð nr. 467/2015.

Afrit:

Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga, Landspítala háskólasjúkrahúsi

Hrund Scheving Thorsteinsson, framkvæmdastjóri, menntadeild LSH

Hlíf Steingrímsdóttir, sviðsstjóri lyflækningasviðs Landspítala háskólasjúkrahúss,

Friðbjörn Sigurðsson, kennslustjóri sviðsstjóri lyflækningasviðs Landspítala háskólasjúkrahúss

Magnús Karl Magnússon, deildarforseti, Læknadeild Háskóla Íslands

Þorbjörn Jónsson, formaður, Læknafélagi Íslands